

**78 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um skifting Norð-
10. júní fjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu í tvö sveitarfjelög.**

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 9. f. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefndinni í Norðfjarðarhreppi, um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjelög ásamt meðmælum sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Útaf þessu skal hjermeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvbr. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Norðfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu skal skift í tvö sveitarfjelög þannig, að Nesþorp verði hreppur út af fyrir sig og nefnist Neshreppur, með þessum takmörkum: Að vestan Nautalækur frá fjallsegg til fjöru, að sunnan og austan sjórinn og að norðan merkjalínan milli hins núverandi Norðfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps, en hinn hreppurinn nái yfir hið annað svæði hins núverandi hrepps, og haldi nafninu Norðfjarðarhreppur.
2. Öllum eignum og skuldum hins núverandi Norðfjarðarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig á milli hinna nýju hreppa, að í hlut Neshrepps komi 15% og í hlut Norðfjarðarhrepps 85%.
3. Öllum sveitarþyngslum hins núverandi Norðfjarðarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Neshrepps komi $\frac{4}{5}$ hlutar, og í hlut Norðfjarðarhrepps $\frac{1}{5}$ hluti. En sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna til að koma, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa:

Þeim, sem eru heimilisfastir í hinum núverandi Norðfjarðarhreppi er skiftingin fer fram, og hafa ekki þegið sveitarstyrk, skal framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir eru heimilisfastir í við skiftin.

Þeim, sem eiga fæðingarhrepp í hinum núverandi Norðfjarðarhreppi en eru heimilisfastir utan hreppsins er skiftingin fer fram, skal framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir eru fæddir í.

Þeim, sem hafa unnið sjer sveit í hinum núverandi Norðfjarðarhreppi, er skiftingin fer fram, en eru við skiftin heimilisfastir utan hreppsins, skal framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir hafa dvalið lengur í, eða þeim, sem þeir hafa dvalið síðar í, ef þeir hafa dvalið jafnlengi í báðum hinna nýju hreppa.

4. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 5 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðar framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur útaf skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeingar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Norðfjarðarhreppi sem dómpinghá nje manntalsþinghá.